

Priðji fundur Deltadeildar, starfsárið 2019-2020, haldinn 13. febrúar 2020 í Hótel B59 í Borgarnesi kl. 17:30

Áður en fundur var settur, kynnti Jónína Erna fyrirlesara kvöldsins, Hrafnhildi Tryggvadóttur, verkefnisstjóra hjá Borgarbyggð. Hrafnhildur fjallaði um heimilisflokkun, hvaða gagn við gerum með því að flokka rusl, hvað við þurfum að athuga þegar við flokkum og hver staðan er í stóra samhenginu. Hrafnhildur talaði um hringræna hagkerfið og væntanlegar breytingar í heimilisflokkun með tilkomu brúnnar tunnu sem Borgarbyggð mun taka í notkun í apríl í samvinnu við Íslenska gámafélagið. Í brúnu tunnuna á að setja lífrænan úrgang í maíspokum þannig að ekki reynist þörf á að urða þann hluta heimilisúrgangs. Hún benti á að kynningarefni um brúnu tunnuna væri væntanlegt á heimasíðu Borgarbyggðar. Erindi Hrafnhildar var fróðlegt og hvetjandi og töluverðar umræður urðu milli hennar og fundarkvenna að erindinu loknu.

Formaður, Jónína Eiríksdóttir, þakkaði Hrafnhildi erindið og færði henni rós og kynningarefni um samtökin í þakklætisskyni.

Fundarsetning:

Sigrún Jóhannesdóttir kveikti á kertum og formaður setti fund.

Formaður fór yfir mætingalistann og skilaði góðum kveðjum frá þeim sem ekki gátu sótt fundinn. Þá var komið að fundargerð síðasta fundar sem sú sem ritaði hana, Jónína Erna, las og formaður bar upp til samþykktar. Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

Formaður minnti á næsta fund sem verður haldinn á Akranesi hjá Valgerði Janusdóttur 12. mars og á undirbúning fyrir aðalfundinn sem halda á 16. apríl sem og vorráðstefnu Landssambandsins 9. maí.

Heimsókn Deltafélaga á fund til Gammadeildar:

Elísabet sagði frá skemmtilegu boði Gammadeildar, sem hefur tekið upp þann sið að bjóða til sín félögum úr öðrum deildum, ekki endilega heilum deildum. Gammadeild bauð í þetta skiptið þremur konum úr Deltadeild á fund, Guðlaugu, Ingibjörgu Öddu og Elísabetu. Hún sagði að Gammadeild stefndi að því að heimsækja Reykholt á vordögum.

Bókaspjall:

Ásta og Brynja tóku bókina Systa eftir Vigdís Grímsdóttur til umræðu og Halldóra og Ingibjörg Adda ræddu saman um bókina Innflytjandinn eftir Ólaf Jóhann Ólafsson.

Þó nokkrar umræður urðu á milli áheyrenda og þeirra, sem leiddu og bækurnar þóttu báðar ágætar. Bókin Systa var sögð góð fyrir hjartað og yndisleg bók. Innflytjandinn hlaut þann dóm að hún væri skemmtileg, auðlesin og flæðandi og tæki á ýmsum þáttum samfélaga frá mismunandi sjónarhornum.

Að bókaspjalli loknu var komið að liðnum Lagið mitt.

Lagið mitt:

Soffía Sigurjónsdóttir valdi lagið og sagði aðeins frá því. Lagið var Sofðu unga ástin mín en ljóðið er eftir Jóhann Sigurjónsson sem var ömmubróðir Soffíu. Einnig var sungið lagið Ef væri ég söngvari.

Undirbúningur vorráðstefnu:

Því næst var rætt um undirbúning fyrir vorráðstefnu samtakanna sem halda á á Hótel B59 í vor. Formaður sagði að dagskrá ráðstefnunnar væri ekki í höndum Delta deildar en umgjörð hennar væri verkefni deildarinnar.

Konur hafa valið sér hóp til að vinna í að framkvæmd ráðstefnunnar og hver og ein gefur gaum að þeim verkefnum, sem skipt hefur verið niður á hópana. Þá verður auðvelt að hefja undirbúninginn í raun þegar nær dregur.

Kvöldverður og happdrætti:

Að umræðum loknum var gengið til kvöldverðar, happdrættisvinningur síðasta fundar afhentur og dreginn út nýr vinningur sem féll til Halldóru. Þá var fundi slitið og fundarkonur gengu sælar eftir notalega stund út í hvassviðrið sem geisaði úti fyrir. Allar komumst við heilar heim.

Dagný Emilsdóttir